

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 12. október 2017 | 36. töl. 15. árg. | Upplag 10.500 eintök. | Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



Tilboð
1890 kr. / mann
S.555 6999
Palace Chinese Cuisine

BLÓMVELLIR 3



Glæsilegt einbýlishús, vel staðsett. Samtals 212 m². Fimm svefnherbergi. Fallegur garður. Stórar verandir. **Verð 79,5 millj.**

STEKKJARBERG 10



Falleg 3ja herbergja 85,2 m² íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi á þessum vinsæla stað í Setbergshverfinu. **Verð 37,9 millj.**

DREKAVELLIR 18



Falleg 3-4ja herb. 99 m² íbúð á 3ju hæð í lyftuhúsi. Góð staðsetning. Stutt í skóla og leikskóla. **Verð 38,7 millj.**

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983


Súrdeigsbrauðin okkar eru alvöru

- ◆ Heilkorna
- ◆ 100% spelt
- ◆ Sykurlaus
- ◆ Gerlaus
- ◆ Oliulaus

Jón Arnlús
KÖKULIST



Kökulist, verslunarmiðstöðinni Firði



Strandgata 75 | 583 6000 | vonmathus.is | facebook.com/vonmathus

MATHÚS BAR
VON

Harður árekstur á hjáleioð á Hringhelli

Malarflutningabíll skall á jeppa með kerru

Maður og kona voru flutt á sjúkrahús eftir harðan árekstur fulllestaðs malarflutningabíls og jeppa sem dró kerru fulla af grjóti. Ekki virtist fólkið vera alvarlega slasað en þó nokkra stund tók að ná fólkinu úr bílnum.

Áreksturinn varð á Hringhelli á mótum Berghelli og Hraunhelli en töluverð umferð malarflutningabíla er þarna um vegna framkvæmda við ný mislægt gatnamót Krýsuvíkurvegar og Reykjanesbrautar.

Virðist sem jeppanum hafi verið beygt inn á Hraunhelli af Hringhelli en malarflutningabíllinn kom suður Hraunhelli frá Krýsuvíkurvegi.



Útönn: Guðni Gíslason

Jeppinn lenti á hliðinni og kerran slitnaði aftan úr.



FASTEIGNASALA

Stofnuð 1988



Fjarðargötu 17

Sími: 520 2600

Opið virka daga kl. 9-17
as@as.is

www.as.is



-stöðin
TAXI
Hafnirska leigubílastöðin
520 1212

Ratleikur
Hafnarfjarðar



Sumarið 2017

Uppskeruhátíð Ratleiksins

miðvikudag 18. okt. kl. 18
í Ástjarnarkirkju

- Verðlaun veitt fyrir Léttfeta, Göngugarp og Prautakóng
- Útdráttarverðlaun
- Spjall um leikinn og myndasýning

Hönnunarsímið ehf. og Hafnarfjarðarbær



Rauðshellir



Snókalönd



Þorbjarnarstaðir

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066,
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandsþóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



leiðarinn

Nýtt guðshús var vígt sl. sunnudagur er biskup Íslands vígði Ástjarnarkirkju. Í allri viðleitni við að tryggja rétt allra virðist eins og kristin trú og starf hennar sé ekki eins sjálfsögð og áður. Það þykir eðlilegt að nýta skattfé bæjarbúa til að byggja boltahús fyrir milljarða en svo hrekkur allt í baklås ef leitað er aðstoða við bygginu kirkjulega bygginga. Kirkjulegt starf hefur verið með blóma í Hafnarfirði með öflugar kirkjur, þrjár kirkjur þjóðkirkjunnar og ein öflug Fríkirkja auk kirkju kaþólskra og minni safnaða í bænum. Húsnæðið hefur verið nýtt undir fjölbreytta starfsemi og það kom fram við vígslu Ástjarnarkirkju að vilji væri til þess að húsið nýttist sem menningarhús Valla.

Starf kirkjunnar er ekki síður mikilvægt í nútímaþjóðfélagi en það hefur verið. Áhersla á það góða í hverjum manni og fyrirgefninguna sem er grunnstoðin í kristinni kirkju, er sérstaklega mikilvægt í orrahríð óvandaðra ummæla sem svo auðvelt er að koma á framfæri með samfélagsmiðlum nútímans.

Það er auðvelt að afneita kristinni trú með því að segja að þróunarkenningin hafi afsannað sköpunarkenninguna. Það er hins vegar alls ekki rétt og ef fólk er efins um sköpunarkenninguna þá er jafn auðvelt að efast um upphaf lífs samkvæmt þróunarkenningunni. Ekkert verður til úr engu og úr hverju varð mikli hvellur? Ef heimurinn er að þenjast út, hvað er þá fyrir utan hann?

Trú manna byggist á svo miklu fleiru en því hvort menn trúi því að Guð hafi skapað heiminn eða hann hafi orðið til af sjálfu sér. Fólk sem ekki trúi á Guð þarf líka að virða trú kristinna manna sem trú og vantrú annarra.

Starf kirkjunnar hefur breyst og þróast mikið á liðnum árum og mun breytast áfram. Allt tekur sinn tíma og góðar breytingar munu halda og efla starf kirkjunnar. Til hamingju Ástjarnarsókn!

Guðni Gíslason ritstjóri.

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktsímar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sunnudagur 15. október:

Sunnudagaskóli kl. 11

Kvöldvaka kl. 20

þar sem tónlistin ræður ríkjum.

Örn Arnarson leiðir okkur inn í sálmana og segir okkur söguna á bak við þá.

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook



Víðistaðakirkja

Sunnudaginn 15. október

Fjölskylduhátíð kl. 11

Barnakór Víðistaðakirkju
syngur undir stjórn Helgu Þórdísar.

Umsjón María og Bryndís.

Hressing í safnaðarsal á eftir.

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12:10

Súpa og brauð á eftir.

www.vidistadakirkja.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 15. október

Sunnudagaskóli kl. 11

Útimessa

**við minnisvarðann
við höfnina kl. 11**

Kaffiveitingar í Kænunni á eftir
í boði safnaðarins.

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 15. október

Bleik messa kl. 11

í tilefni af baráttu gegn krabbameini kvenna

Sunnudagaskóli

á sama tíma



www.astjarnarkirkja.is

Fyrsta lúterska messan var sungin á Háagranda

Útimessa verður við minnismerkið á Óseyararbryggju á sunnudaginn kl. 11 til að minnst fyrstu messunnar sem sungin var á Íslandi samkvæmt lútherskum sið. Er þessi messu þáttur í að minnst 500 ára siðbótarafræðisins.

Þýskir kaupmenn reistu kirkju á Háagranda á árunum 1533-1534 og var messað þar í um sjö áratugi, þar til verslun þeirra var bönnuð.

Til að minnst þessa var myndarlegur steinbogi afhjúpaður við höfnina árið 2003 af forsetum Íslands og Þýskalands og biskup Íslands flutti bæn og blessun.

Vígslubiskupinn í Skálholti, sr Kristján Valur Ingólfsson, prédikar á sunnudaginn og þjónar ásamt prestum Hafnarfjarðarkirkju. Fulltrúi þýska sendiráðsins verður viðstaddur. Sungnir verða sálmar Lúthers.

Eftir messuna býður Hafnarfjarðarsókn viðstöddum að þiggja kaffiveitingar í veitingahúsinu Kænunni. Allir eru hjartanlega velkomnir.



Lúðm.: Guðni Gíslason

Vandaður tælenskur matur



Tuk Tuk Thai er frábær tælenskur staður í hjarta Hafnarfjarðar sem býður gómsætan mat á góðu verði.

Þar getur þú sest niður í notalegu umhverfi og pantað mat af fjölbreyttum matseðli eða valið tilbúna rétti úr hitaborði. Hægt er að borða á staðnum eða taka með sér heim.



Við tökum á móti stórum sem smáum hópum.

Opið mán.–lau. 11:30–21:00
sun. 16:00–21:00

Fjarðargata 19
220 Hafnarfirði

Sími: 519 8888
www.tuktukthai.is



REYKJANESBRAUT

Íbúafundur um samgöngumál
Þriðjudagskvöldið 17. október kl. 20 í Bæjarbíói

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar boðar til íbúafundar um samgöngumál með áherslu á Reykjanesbraut. Mikil uppsöfnuð þörf er á verulegum úrbótum við Reykjanesbraut innan Hafnarfjarðar. Gríðarleg aukning bílaumferðar á Reykjanesbraut veldur mikilli slyshættu og langar raðir af bílum myndast á álagstímum.

Setning – Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði

Núverandi skipulag - væntanlegt skipulag – Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar

Ófremdarástand – Hrafnhildur R. Halldórsdóttir, íbúi í Setbergi

„Ég dó næstum“ – Sindri Blær Gunnarsson, nemi í Flensborg sem lenti í hörðum árekstri á Reykjanesbraut

Ákjósanlegar lausnir – Lilja Guðríður Karlsdóttir, samgönguverkfærðingur hjá Viaplan

Sjónarhorn Vegagerðarinnar – Fulltrúi frá Vegagerðinni

Áætlanir stjórnvalda – Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Pallborðsumræður

Fundarstjóri: Hlynur Sigurðsson fjölmiðlamaður

Nánari upplýsingar á www.hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRDUR



Hvað verður hægt að kjósa um?

VG, Píratar, Sjálfstæðisflokkur og Samfylking hafa valið efsta fólk á sínum listum

Nú flokkar hafa tilkynnt framboð í SV-kjördæmi en tíu flokkar buðu fram sl. haust. Sex af þeim náðu inn þingmanni, ellefu kjördæmakjörnum og tveimur í uppþótarsæti. Dögun og Flokkur fólksins sem buðu fram í síðustu kosningum munu ekki bjóða fram en Miðflokkurinn kemur nýr inn.

Í kosningunum 2016 bættu Píratar lang mest við sig, juku fylgi sitt um 172% á meðan Samfylking og Framsókn töpuðu 64,7% af sínu fylgi hvor flokkur og Samfylking fékk engan mann á þing úr kjördæminu sem hefur ekki gerst síðan Samfylkingin var stofnuð.

Töluverðar breytingar eru á efstu sætum lista flestra flokka nema hjá VG og Sjálfstæðisflokki sem eru með sama fólk í efstu sætum. Samfylkingin býður

fram nýtt fólk á lista, Píratar eru með nýtt fólk í 2.-4. sæti, Viðreisn er með sömu í fyrstu tveimur sætum, Björt framtíð fær oddvita úr Reykjavík og mikil endurnýjun er hjá Framsókn sem sækir oddvita sinn úr 2. sæti í fyrra.

ALÞÝÐUFYLKINGIN

Hefur ekki birt lista sinn.

BJÖRT FRAMTÍÐ

1. Björt Ólafsdóttir
2. Karólína Helga Símonardóttir
3. Halldór Jörgensson

FRAMSÓKN

1. Willum Þór Þórsson
2. Kristbjörg Þórisdóttir
3. Linda Hrönn Þórisdóttir

PÍRATAR

1. Jón Þór Ólafsson
2. Oktavía Hrund Jónsdóttir
3. Ásta Helgadóttir

SAMFYLKING

1. Guðmundur Andri Thorsson
2. Margrét Tryggvadóttir
3. Adda María Jóhannsdóttir

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR

1. Bjarni Benediktsson
2. Bryndís Haraldsdóttir
3. Jón Gunnarsson

VIÐREISN

1. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
2. Jón Steindór Valdimarsson
3. Sigríður María Egilsdóttir

VINSTRI GRÆNIR

1. Rósa Björk Brynjólfssdóttir
2. Ólafur Þór Gunnarsson
3. Una Hildardóttir

MIÐFLOKKURINN

Tilkynnir lista sinn í vikunni.

Úrslit 2016

flokkur	atkvæði	%	breyting	kjörd.	uppb.	þingmenn
Sjálfstæðisflokkur (D)	18.049	33,9%	+10,4%	5	0	5
Píratar (P)	7.227	13,6%	+172%	2	0	2
Viðreisn (C)	6.857	12,9%		1	1	2
Vinstri græn (V)	6.378	12,0%	+51,9%	1	0	1
Björt framtíð (A)	5.458	10,2%	+10,9%	1	1	2
Framsókn (B)	4.062	7,6%	-64,7%	1	0	1
Samfylking (S)	2.532	4,8%	-64,7%	0	0	0
Flokkur fólksins (F)	1.742	3,3%		0	0	0
Dögun (T)	893	1,7%	-55,3%	0	0	0
Alþýðufylkingin (R)	103	0,2%		0	0	0

Stöðugleiki og traust er það sem vantar

Umrótið í samfélaginu er mikið og nauðsynlegt að koma á stöðugleika og festu við stjórn landsins. Það fylgir því mikil áskorun að bjóða sig fram til setu á Alþingi. Í dag er landslag stjórnmálanna því miður ekki í þeim farvegi sem æskilegt væri. Úr því er hins vegar hægt að bæta. Stærsta verkefnið er koma á ný trausti milli almennings og þeirra sem taka sæti á Alþingi að loknum kosningum í október. Það er öllum ljóst mikilvægi þess að á Alþingi ríki andrúmsloft góðra samskipta og samvinnu.

Sjálfur hef ég starfað með Willum Þór Þórssyni á vettvangi stjórnmálanna og innan knattspyrnunnar. Störf hans á Alþingi og innan íþróttanna báru vott um samvirkusemi og mikla þekkingu. Í öllu okkar samstarfi kom í ljós hversu mikill leiðtogi og góður liðsmaður

Willum Þór er, ásamt því að hafa mikla þekkingu á málefnum íslensks samfélags. Hvar sem hann kemur hefur hann jákvæð áhrif á umhverfi sitt.

Ég er einn af þeim fjölmörgu sem á síðustu vikum hafa skorað á Willum Þór að taka 1. sæti á lista Framsóknar í Suðvesturkjördæmi og hefur hann sem betur fer ákveðið að verða við þeirri áskorun. Framundan er snörp kosningabaráttá sem vonandi verður háð á drengilegan hátt. Það er mjög mikilvægt að afloknum kosningum að heiðarlegt og samvirkusemi fólk veljist til forystu. Við þurfum fleiri einstaklinga líkt og Willum Þór á Alþingi okkar Íslendinga til að koma á stöðugleika og trausti í íslensku samfélagi.

Höfundur er stjórnmálafræðingur og MPM.



Ágúst Bjarni Garðarsson

KJÖRSKRÁ Í HAFNARFIRÐI

Kjörskrá í Hafnarfirði vegna alþingiskosninganna þann 28. október 2017 liggur frammi almenningi til sýnis í Ráðhúsi Hafnarfjarðar, þjónustuveri, Strandgötu 6, frá kl. 8-16 alla virka daga frá 18. október 2017.

Kjösendur eru hvattir til þess að kynna sér hvort nöfn þeirra séu á kjörskránni. Athugasemdamynd við kjörskrá skal beina til bæjarráðs Hafnarfjarðar. Kjösendum er einnig bent á vefinn www.kosning.is en þar má finna hvar kjösendur eru á kjörskrá.

Hafnarfirði 9. október 2017
Yfirkjörstjórn Hafnarfjarðar.

585 5500
hafnarfjordur.is



Glæsilegur Evrópusigur FH

Sigraði St. Petersburg frá Rússlandi



Ágúst Birgisson skoraði 8 mörk

Velgengi FH í Evrópukeppninni í handbolta heldur áfram en kralið félagsins sigraði St. Petersburg á laugardag 32-27. FH sigraði Dukla Praha í fyrsta umferð samtals 61-52 en St. Petersburg fór beint inn í 2. umferð.

FH leiddi í hálfleik 17-14 eftir æðisþennandi fyrri hálfleik. Liðin skiptust á forystunni í fyrri hálfleik og þegar staðan var 9-10 hrukku FH-ingar í gang og skoruðu næstu 5 mörk leiksins. Ágúst Birgisson stóð sig eins og hetja á

línunni þar sem hann hélt stöðu sinni vel og skoraði 4 mörk í fyrri hálfleik auk þess að fiska nokkur víti.

Seinni hálfleikur var mun jafnari en FH-ingar misstu aldrei forskot sitt. Ágúst Elí Björgvinsson var frábær í markinu og varði hann oft í tvígang. Varði hann 21 skot í leiknum sem lauk sem fyrr segir 32-27.

Seinni leikur liðanna fer fram á sunnudaginn í Rússlandi.

Jólahlaðbord Fjörúkráarinnar

Hefst 17. nóvember



Nú er komið að okkar árlega jólahlaðborði sem verður með þjóðlegu sniði. Söngvararnir okkar ganga á milli borða og syngja jólalög. Að borðhaldi loknu tekur Einar Ágúst við og spilar frameftir kvöldi.



Lífandi tónlist



Einu er jólahlaðbord á Hlíði



www.fjorukrain.is - **pantanir**: birna@fjorukrain.is

Fylgstu með okkar á Facebook  Viking Village - Fjörúkrain og Hótel Víking

SMÁUGLÝSINGAR

Þjónusta

Bílaþrif. Kem og sæki. Bón verndar bíllinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.
Sýnishorn á siggileifa.123 is sími 8637265
siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.

Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Á DÖFINNI

Hafnarborg

Tvær sýningar standa nú yfir í Hafnarborg. Það eru sýningar „Málverk – ekki miðill“ í aðalsal safnsins og sýningin „Erindi“ í Sverrissal.

Skyggnilýsing

Í kvöld, fimmtudag kl. 20 hefst starfsemi Sálarrannsóknarfélagins í Hafnarfirði með skyggnilýsingarfundi með Þórhalli Guðmundssyni miðli í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar að Linnetsstíg 6.

Íbúafundur

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar boðar til íbúafundar um samgöngumál með áherslu á Reykjanesbraut **Þriðjudagskvöldið 17. október kl. 20** í Bæjarbíói.

Núverandi skipulag – væntanlegt skipulag – Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi. | Ófremdarastand – Hrafnhildur R. Halldórsdóttir, íbúi í Setbergi | „Ég dó næstum“ – Sindri Blær Gunnarsson, nemi í Flensborg | Ákjósanlegar lausnir – Lilja Guðríður Karlsdóttir, samgönguverkfæringur hjá Viaplan | Sjónarhorn Vegagerðarinnar – Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri | Áætlanir stjórnvalda – Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi | Pallborðsumræður

Hrossakjötsveisla

Á föstudaginn kl. 19 standa Haukar fyrir Góðu hrossakjötsveislunni í forsalnum á Ásvöllum. Boðið verður upp á saltað hrossakjöt eins og það gerist best. Ræðumaður kvöldsins verður lögmaðurinn og Valsarinn Brynjar Nielsson Miðapantanir og sala á Ásvöllum í síma 525 8700 og bhg@haukar.is.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Lokastaðan í knattspyrnunni

Knattspyrnuleiktíðinni er lokið og niðurstaða hafnfirsku liðanna var ekki eins og bjartsýnir vonuðust eftir.

Eftir frábært gengi á undanföllum árum eru mikil vonbrigði með 3. sætið í úrvalsdeild karla. Heimi Guðjónssyni var í kjölfarið sagt upp eftir glæsileg ár með liðinu.

ÚRVALSDEILD KARLA

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
1 Valur	22	15	5	2	43-20	23	50
2 Stjarnan	22	10	8	4	46-25	21	38
3 FH	22	9	8	5	33-25	8	35
4 KR	22	8	7	7	31-29	2	31
5 Grindavík	22	9	4	9	31-39	-8	31
6 Breiðablik	22	9	3	10	34-35	-1	30
7 KA	22	7	8	7	37-31	6	29
8 Víkingur R.	22	7	6	9	32-36	-4	27
9 ÍBV	22	7	4	11	32-38	-6	25
10 Fjölnir	22	6	7	9	32-40	-8	25
11 Víkingur Ó.	22	6	4	12	24-44	-20	22
12ÍA	22	3	8	11	28-41	-13	17

Eftir nokkrar væntingar og spennu hjá kvennaliði Hauka sem kom upp í úrvalsdeildina í fyrra, varð leiktíðin gríðarleg vonbrigði með aðeins tvö jafntefli og einn sigur – í síðasta leik liðsins sem fellur aftur í 1. deild.

ÚRVALSDEILD KVENNA

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
1 Þór/KA	18	14	2	2	44-15	29	44
2 Breiðablik	18	14	0	4	47-10	37	42
3 Valur	18	12	1	5	48-18	30	37
4 Stjarnan	18	10	3	5	36-19	17	33
5 ÍBV	18	9	6	3	33-21	12	33
6 FH	18	7	2	9	17-24	-7	23
7 Grindavík	18	5	3	10	16-44	-28	18
8 KR	18	5	0	13	15-41	-26	15
9 Fylkir	18	2	3	13	13-36	-23	9
10 Haukar	18	1	2	15	15-56	-41	5

FH stúlkurnar héldu sér í miðri deildinni, unnu 7 leiki og gerðu tvö jafntefli.

Haukar sýndu flotta spretti í 1. deildinni, ekki síst á heimavelli en gáfu ör-lítið á lokametrunum er þeir töpuðu þremur leikjum í röð og enduðu í 7. sæti

I. DEILD KARLA

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
1 Fylkir	22	15	3	4	50-19	31	48
2 Keflavík	22	14	4	4	43-24	19	46
3 Þróttur R.	22	13	3	6	37-21	16	42
4 HK	22	14	0	8	36-28	8	42
5 Leiknir R.	22	10	6	6	38-31	7	36
6 Þór	22	10	4	8	35-31	4	34
7 Haukar	22	9	6	7	34-39	-5	33
8 Selfoss	22	8	4	10	27-29	-2	28
9 Fram	22	7	6	9	32-39	-7	27
10 ÍR	22	5	4	13	27-38	-11	19
11 Leiknir F.	22	3	1	18	23-53	-30	10
12 Grótta	22	2	3	17	16-46	-30	9

Fyrirtækjaheimsókn Markaðsstofunnar

Markaðsstofan ákvað að taka hádegisfræðsluna sem stofan hefur verið að bjóða upp á aðeins lengra og leita til fyrirtækjanna í bænum og fá þau til að bjóða hafnfirskum fyrirtækjum heim.

Fyrsta fyrirtækjaheimsókn Markaðsstofunnar af mörgum verður þann 19. október frá kl. 17-19 en þá bjóða Gaman Ferðir fyrirtækjunum í bænum í heimsókn.

Sigur í tilkynningu að þetta sé kjörið tækifæri til að kynnast starfsemi Gaman Ferða betur og heyra reynslusögur úr rekstrinum. „Fyrirtækjaheimsóknir eru góður vettvangur fyrir hafnfirsk fyrirtæki til að efla og styrkja tengslanetið og kynnast öðrum fyrirtækjaeigendum í bænum,“ segir í tilkynningunni.

Léttar veitingar verða í boði og skráning á msh.is



Stöndum vörð um faglegt leikskólastarf

Leikskólamála hafa verið mikið til umræðu síðustu vikur og mánuði og því miður kemur það ekki til af góðu. Leikskólastjórar hafa margir hverjir átt erfitt með að manna leikskólana og víða hefur þurft að seinka aðlögun nýrra barna og loka deildum. Þetta hefur eðlilega haft mikil áhrif, bæði innan leikskólanna þar sem álagið hefur aukist á þá starfsmenn sem fyrir eru og á foreldra sem hafa jafnvel þurft að taka launalaust leyfi frá vinnu meðan þeir bíða eftir að leikskóla-dvöl barna þeirra geti hafist. Í tæplega tuttugu ár hef ég starfað í leikskólum og gegnt þar ýmsum störfum, sem leiðbeinandi, almennur leikskólakennari, deildarstjóri, sinnt sérkennslu, aðstoðarskólastjóri og leikskólastjóri. Miklar breytingar hafa orðið í leikskólastarfinu á þessum árum kröfum hafa aukist. Starfsmenn í leikskólum fagna almennt þessum auknu kröfum því þeir eru meðvitáðir um mikilvægi þess að skólarnir séu í stöðugri þróun og er faglegt starf í leikskólum almennt algjörlega til fyrirmyndar.

Í 9. grein laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaðar við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008 kemur fram að tveir þriðju starfsmanna eigi að vera leikskólakennarar að mennt en raunin er sú að aðeins þriðjungur

starfsmanna í leikskólum hefur þá menntun. Því miður virðist allt benda til þess að leikskólakennurum fari hratt fækkandi, stétin eldist hratt, lítil nýliðun er í faginu og fáir stunda nám á þessu sviði.

Á sama tíma er alltaf að verða ljósara hversu mikilvæg leikskólaárin eru í lífi barna og að þetta eru mestu mótnararinn í þroska hvers einstaklings. Það er því ljóst að gríðarlega mikilvægt er að áfram séu við störf metnaðarfullir kennarar sem bera ábyrgð á menntun barnanna í bland við aðra starfsmenn leikskóla sem hafa dýrætta reynslu í sínu starfi. Þrátt fyrir auknið álag í leikskólastarfi hafa starfsmenn leikskólanna staðið vörð um faglega starfið og í stað þess að slaka á kröfunum þá vinna þeir hraðar og taka meiri vinnu á sig svo börn og foreldrar þurfi ekki að líða fyrir þá stöðu sem uppi er. Það eru þó takmörk fyrir hversu lengi hægt að standa vörð um núverandi starf og því miður eru kennarar fjölmennasta háskólamenntaða starfsstétin sem leitar eftir þjónustu hjá Virk starfsendurhæfingu vegna langtíma veikinda.

Margir hafa haldið því fram að leiðin til að laða að fleiri leikskólakennara og auka starfsánægju sé að hækka launin. Að sjálfsögðu eiga launin að vera mannsæm-

andi og lýsandi fyrir það hvar mestu auðæfin okkar eru geymd stóran hluta dagsins en ég hef bent á að fyrst og fremst þarf að huga að starfsumhverfi kennara.

Ég tel að við þurfum að endurskilgreina leikskólann og grípa til röttækra aðgerða sem vonandi gerir starfsumhverfið meira aðlaðandi. Mín tillaga er sú að við skilgreinum leikskóla til klukkan tvö á daginn og eru kennarar með börnunum í skipulögðu skólastarfi á þeim tíma þar sem markvisst er hugað að öllum grunnþáttum menntunar. Tíminn eftir klukkan tvö verði skilgreindur sem lengd viðvera og fer þá fram annars konar nám. Á þeim tíma sinna kennarar undirbúningi, samráði og fundum en börnin eru áfram í öruggum höndum annarra starfsmanna og sú vinna sem fer fram þá og þar til börnin eru sótt er skipulögð á annan máta. Með þessari breytingu sé ég fram á að leikskólinn verði meira aðlaðandi vinnustaður fyrir kennara sem er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur öll sem viljum vegferð barna okkar sem allra besta.

Höfundur er leik- og grunnskóla-kennari og skipar 3. sæti á lista Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi.



Linda Hrönn Þórisdóttir

FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is



Stöðugleiki og traust

Kjósum Willum á þing!

B

ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

14. okt. kl. 16. Kaplakriki
FH - Afturelding, 1. deild kvenna

15. okt. kl. 12, Rússland
St. Petersburg HC - FH, Evr.keppni

15. okt. kl. 17. Kaplakriki
FH - Fjölnir, Úrvalsdeild karla

15. okt. kl. 17.30, Ásvellir
Haukar - Selfoss, úrvalsdeild kvenna

16. okt. kl. 19.30, Varmá
Afturelding - Haukar, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KVENNA:

Fjölnir - Haukar: 18-20
ÍR - FH: 23-22

ÚRSLIT KARLA:

Víkingur - FH: (miðv.dag)
Haukar - Fram: 39-30
FH - St. Petersburg HC: 32-27

Körfubolti:

12. okt. kl. 19.15, Grindavík
Grindavík - Haukar, úrvalsd. karla

18. okt. kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - Valur, úrvalsd. kvenna

ÚRSLIT KVENNA:

Snæfell - Haukar: (miðv.dag)
Haukar - Njarðvík: 67-28
Haukar - Stjarnan: 73-66

ÚRSLIT KARLA:

Haukar - Þór Ak.: 74-66

Í fyrsta sinn í sögu Hafnarfjarðar: Airwaves í Bike Cave 1.-5. nóvember

ICELAND
AIRWAVES

Tónlistarveisla alla daga
til kl. 20:00 og alltaf
góður matur á frábæru verði.

Hlökkum til að sjá ykkur :)

BIKE CAVE



Hafnarborg, Hafnarfirði • Opið alla daga kl. 9-22
www.bikecave.is • sími 571 3144 • Erum á Facebook

Þögull söngfugl

Starri sem heimsótti Tónlistarskólann en vildi ekki syngja þrátt fyrir að kennarar reyndu ýmsar aðferðir við að hvetja hann.

Ljóm.: Guðni Gíslason

Hafnfirskur rektor MR

Elísabet Siemsen nýr rektor MR

Hafnfirðingurinn Elísabet Siemsen hefur verið skipuð rektor Menntaskólans í Reykjavík frá og með 1. nóvember. nk.

Nú umsóknir bárust um embættið en skólanefnd MR mælti með Elísabetu í starfið en það var mennta- og menningarmálaráðherra sem skipaði í starfið.

Elísabet hefur rúmlega þriggja áratuga kennslureynslu á framhaldsskólastigi og frá 2005 hefur hún starfað óslitið við stjórnumarteymi Fjölbauta-skólans í Garðabæ og var aðstoðar-skólameistari þar.

Jón Arilíus
KÖKULIST

STARFSFÓLK ÓSKAST

Leitum að afgreiðslufólki í bakarið okkar.

Leitum að fólki í 60% - 100% starf.

Einnig skólafólki á lokunarvaktir og um helgar.

Umsóknum skal skilað á kokulist@kokulist.is
einnig upplýsingar í síma 8207466, Elín.

Kökulist Firði – www.kokulist.is

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Veisla fyrir vinnustadinn

Sólskin í glasi og sælkerasamlökur

veisla@lemon.is

Lemon



ØLSTOFA

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



ØLSTOFA

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Ný Ástjarnarkirkja vígð

Bylting fyrir safnaðarstarfið og mun nýtast sem menningarhús fyrir hverfið

Ný Ástjarnarkirkja var vígð sl. sunnudag við hátíðlega athöfn. Reyndar er þetta aðeins fyrri hluti byggingaráforma sóknarnefndar en á að daga sókninni fyrst um sinn. Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir leiddi athöfnina en naut aðstoðar sr. Þórhildar Ólafs prófasts Kjálarnessprófastsdæmis og sr. Kjartans Jónssonar sóknarprests.

Athöfnin hófst með því að sóknarnefnd, prestur, biskup og fleiri gengu í skrudgöngu inn og fremstur fór formaður sóknarnefndar með kross en kirkjumunir voru bornir inn og lagðir á altarið.

Ástjarnarsókn var stofnuð í október 2001 sem tilrauna-verkefni en sóknin verður með stærstu sóknum landsins á næstu árum.



Kjartan Jónsson sóknarprestur við altarið, altarisgarðurinn í baksýn.

Fyrstu árin fékk Ástjarnarkirkja inni á Ásvöllum og svo eftir að sóknin fékk úthlutað lóð að Kirkjuvöllum 1 og tveimur gömlum kennslustofum frá Hafnarfjarðarbæ árið 2006 voru athafnir þar en stærri athafnir áfram á Ásvöllum.

Árið 2013 hófst undirbúningur að byggingu kirkju og var síðar haldin hönnunarsamkeppni á safnaðarheimili þar sem gert væri ráð fyrir kirkjuskipi á síðari stigum. Teiknistofan Arkís var svo fengin til að hanna safnaðarheimilið og gengið til samninga við Teiknistofuna Óðins-torgi um verkfræðihönnun. Í ágúst 2015 hófst jarðvinna og í nóvember var samið við SP verktaka um byggingu safnaðarheimilisins sem tekið var svo í notkun tveimur árum seinna og fyrsta guðsþjónustan var haldin í húsinu 20. ágúst.

Fjármögnun verkefnisins hefur verið nokkuð strembin og ekki er útlit fyrir að hægt veri að ráðast í byggingu kirkjuskipsins á næstu árum. Hafnarfjarðarbær leigir hús-

næðið undir skólastarf Skarðshlíðarskóla fyrsta starfsár skólans en Geir Jónsson formaður sóknarnefndar upplýsti að töluvert minna hafi komið út úr samningi við Hafnarfjarðarbær um leiguna en vonir stóðu til. Hafði sóknin gert sér vonir um svipaðan meðaltals stuðning og bærinn hefur veitt öðrum kirkjum í Hafnarfirði í gegnum árin. Hafnarfjarðarbær kostar gerð bílastæða sem einnig eru opin fyrir aðra notkun.



Geir Jónsson, formaður sóknarnefndar.

Safnaðarheimilið, sem verður nú kallað kirkja, er um 800 m² að stærð með fjölnota sal, skrifstofur, eldhús, fundarherbergi auk snyrtinga og



Sigríði, Jónasi, Birmi og Sigurði voru þökkuað mikil og óeigingjörn störf á meðan byggingu stóð.



Kirkjan var þéttskipuð – Gluggahliðin opnar sýn að fallegu hrauninu.



Biskup Íslands tekur við altariskerti úr hendi ungs sóknarbarns.

Sagði Geir að nú væri verkefni sóknarnefndar að afla tekna til að ljúka því sem út af stendur. „Það er einlæg von okkar sem að þessu hafa komið að þetta hús muni þjóna hverfinu okkar sem kirkja næstu árin og einnig sem menningarhús, undir fjölbreytta starfsemi,“ sagði Geir að lokum.

geymslu. Húsið er hið glæsilegasta, greinilega vel til vandað og hagkvæmt í fyrirrúmi. Stóra salnum má skipta niður í minni sali. Stór gluggahlið snýr út að fallegu hrauninu og bak við altarið er stór gluggaveggur að lokuðum altarisgarði.

Myndir á www.fjardarfrettir.is